



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SUMAR NAETUR

13. SEPTEMBER
2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd tónleika:

Forleikur: 13'

Sumarnætur: 32'

Serenaða: 9'

Dauði og uppljómun: 24'

Söngtextar eru á bls. 10-13.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/icelandsymphony)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



FIN 13 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

SUMAR- NÆTUR

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Véronique Gens
einsöngvari

EFNISSKRÁ

Felix Mendelssohn Bartholdy
Draumur á Jónsmessunótt, forleikur op. 21 (1826)


Hector Berlioz
Sumarnætur op. 7 (Les nuits d'été, 1840–41)
Villanelle
Vofa rósarinnar (La spectre de la rose)
Úti á lónunum (Sur les lagunes)
Í fjarlægð (Absence)
Í kirkjugarði (Au cimetière)
Eyjan óþekkt (L'île inconnue)

HLÉ

Richard Strauss
Serenaða fyrir blásara í Es-dúr, op. 7 (1881)

Richard Strauss
Dauði og uppljómun, op. 24 (Tod und Verklärung, 1889)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu; faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfraði og kontrapunkti hjá tónskáldinu Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður-Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Tortelier tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2016.

Yan Pascal Tortelier hefur á ferli sínum stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna og Fílharmóníusveitina í sömu borg, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filarmonica della Scala í Mílanó, fílharmóníusveitirnar í Ósló, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montréal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandosútgáfuna og hljóðritað fjölda verka, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Maurice Ravel, César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Árið 2017 var hann sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskarrar tónlistar á heimsvísu.



VÉRONIQUE GENS

EINSÖNGVARI

Franska sópransöngkonan Véronique Gens þreytti frumraun sína árið 1986 með barokkhópnum Les Arts Florissants og stjórnanda hans William Christie. Hún tók virkan þátt í þeirri hreyfingu meðal tónlistarfólks sem miðaði að endurnýjun barokktónlistar og kom fram með ýmsum forsprökum svokallaðs upprunaflutnings eins og Christoph Rousset, Marc Minkowski, René Jacobs og Philippe Herreweghe. Gens vakti síðan verðskuldaða athygli fyrir söng sinn í óperum Mozarts, meðal annars sem Donna Elvira í *Don Giovanni*, greifynjan í *Brúðkaupi Figarós*, Vitellia í *La clemenza di Tito* og Fiordiligi í *Così fan tutte*. Hún hefur sungið í mörgum helstu óperuhúsum Evrópu, svo sem í Lundúnum, Vínarborg, París, München, Brussel, Barcelona og Amsterdam, og komið fram á tónleikum með úrvals hljómsveitum eins og Frönsku Þjóðarhljómsveitinni, Fílharmóníusveit Berlínar og Sinfóníuhljómsveitinni í Boston. Hún var sæmd heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, árið 2011.

Gens leggur mikla rækt við franska tónlist, eldri verk jafnt sem hin nýrri. Hún hefur til að mynda sungið hlutverk í óperum eftir Rameau, Lully, Gounod, Saint-Saëns, Godard og Poulenc og hún hefur margoft farið með einsöngshlutverkið í *Sumarnóttum* eftir Hector Berlioz sem íslenskir áheyrendur fá nú að heyra.

Haft hefur verið eftir Véronique Gens að í söng skipti textinn jafnmiklu máli og tónlistin; hún leggur sig fram um að rýna í texta þeirra verka sem hún flytur og að koma fegurð hans á framfæri ekki síður en töfrum tónlistarinnar. Þessi natni skilar sér vel í rómaðri túlkun hennar á frönskum ljóðum. Hún hlaut verðlaun tímaritsins *Gramophone* árið 2016 fyrir hljómdiskinn *Néère* þar sem hún flytur frönsk sönglög með píanóleikaranum Susan Manoff. Í fyrra kom svo diskurinn *Visions*, einnig með frönskum verkum, en að þessu sinni við undirleik útvarpshljómsveitarinnar í München.



FELIX MENDELSSOHN BARTHOLDY

DRAUMUR Á JÓNSMESSUNÓTT, FORLEIKUR OP. 21

Í *Draumi á Jónsmessunótt* skapar William Shakespeare töfraveröld þar sem mörgum sögum fer fram í senn. Leikurinn hefst í Aþenu þar sem Þeseifur hertogi býst til að kvenast Hippólítu, drottningu skjaldmeyjanna. Ástarbrími er yfir og allt um kring með tilheyrandi flækjum. Yngismærin Hermía á að giftast Demetríusi en elskar Lísander, meðan Helena elskar Demetríus sem ekki sér neina nema Hermíu. Hermía og Lísander stinga af út í skóg og hin fylgja á eftir. Í skóginum er flokkur handverksmanna að æfa leikrit en skógurinn er líka ríki Óberons álfakóns og drottningar hans Títaníu sem hafa orðið ósátt. Óberon sendir álfinn Bokka að sækja blómjurt sem hefur þá náttúru að ef sáfinn úr henni er látinn drjúpa á augnlok sofandi veru, þá verður hún ástfangin af því fyrsta sem hún sér er hún vaknar. Með þessum blómdropum taka ástamálin óvænta stefnu og þannig spinnst leikurinn áfram, allt þar til þau ná saman sem saman eiga.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hugsanlega hefur leikhústónlist Mendelssohns við *Draum á Jónsmessunótt* fyrst hljómað á Íslandi árið 1936, en þá var sýnd í Nýja bíói kvikmynd eftir Max Reinhardt sem byggði á leikriti Shakespeares (með James Cagney og Oliviu de Havilland í aðalhlutverkum) og var tónlist Mendelssohns notuð í myndinni. Í auglýsingu í blöðum stóð: „Æfintýraljóma hins ódauðlega leikrits hefir snillingnum Max Reinhardt tekist fullkomlega að láta njóta sín í kvikmyndinni, svo áhorfandinn mun töfraður fylgjast með undraviðburðum Jónsmessunæturinnar.“ Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn fyrst árið 1959 undir stjórn Páls P. Pálssonar, en síðast hljómaði hann á tónleikum sveitarinnar í október í fyrra.

Felix Mendelssohn (1809–1847) kynntist leikriti Shakespeares ungur í þýskri þýðingu og var ekki nema sautján ára þegar hann freistaði þess að fanga andblæ þess í konsertforleik. Það tókst honum með eftirminnilegum hætti og verkið varð fljótt vinsælt. Það hefst á því að blásararnir spila fjóra töfrum slungna hljóma sem kveikja eftirvæntingu áheyrenda en síðan taka fiðlurnar að tifa – álfarnir eru komnir á kreik í skóginum! Blásararnir koma aftur inn af fullum krafti, til að minna okkur á að leikritið hefst í ranni hertogans í Aþenu, áður en mjúk stef tileinkuð elskendunum í skóginum taka við. Við heyrum líka hornablastur veiðimanna og stef sem skírskota til handverksmannanna. (Einn af þeim, Spóli, verður fyrir því að höfuð hans breytist tímabundið í asnahaus eins og groddaleg strok í strengjunum gefa til kynna.) Það eru þó hinir léttfættu álfar sem eru yfir og allt um kring í sumarnóttinni og eiga lokaorðið – eins og í leikritinu.



HECTOR BERLIOZ

SUMARNÆTUR, OP. 7

Tónskáldsins Hectors Berlioz (1803–1869) er ekki minnst fyrst og fremst fyrir sönglagasmíð. Þó samdi hann yfir 50 slík og mörg þeirra sýna vel hve hann átti gott með að móta fallegar laglínur. Þau eru öll stök nema löginn sex sem hann felldi undir heitið *Sumarnætur* (Les nuits d'été). Hér er ekki um eiginlegan ljóðaflokk að ræða en öll eru löginn þó samin við ljóð eftir sama skáldið, Théophile Gautier (1811–1872), sem var nágrenni Berlioz og vinur. Berlioz samdi fyrsta lagið snemma árs 1840. Ljóðið fékk hann úr ljóðabók Gautiers, *La comédie de la mort*, sem hafði komið út tveimur árum fyrr. Smátt og smátt bætti Berlioz við fleiri lögum — hann valdi þeim sjálfur heiti, í samráði við Gautier, og einnig heitið á verkinu í heild. Árið 1841 voru löginn orðin sex og þau komu út í september það ár í útsetningu fyrir söngrödd (mezzosópran eða tenór) og píanó.

Á ýmsu gekk í einkalífi Berlioz þessi misseri. Það voru erfiðleikar í hjónabandi hans og leikkonunnar Harriet Smithson og hann tók upp ástarsamband við söngkonuna Marie Recio. Hún fylgdi honum í tónleikaferð árið 1843 og við það tækifæri gerði hann hljómsveitarútsetningu af einu laganna, *Í fjarlægð*, sem Recio frumflutti í Dresden. Prettán árum síðar útsetti Berlioz svo hin löginn fimm á sama hátt og gaf út en hann lifði það ekki að heyra öll löginn flutt í þessari gerð. Útsetningarnar eru meistaralega gerðar. Þær eru fyrir fremur litla hljómsveit og sýna innhverfari hlið á tónskáldinu en birtist í sinfónískum verkum hans.

Það er bjart yfir fyrsta laginu, *Villanelle*, þar sem elskendur halda út í skóg á vit fugla, dádýra og jarðarberja, en síðan læðist tregafull munúð að í söngnum um rósina sem fölnuð vitjar ungmeyjar í draumi. Næstu þrjú lög fjalla um missi og söknuð en í loklaginu, *Eyján óþekktu*, fær ljóðmælandi byr í seglin og spyr stúlkuna hvert skuli halda. „Að strönd tryggðarinnar, þar sem ástin varir að eilífu,“ segir hún. „Sú strönd er víst ekki til,“ svarar hann, „en hvert viltu halda? — það blæs byrlega!“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ljóðaflokkur Berlioz heyrðist fyrst hérlendis þann 19. mars 1974 á tónleikum Kammermúsikklúbbsins í Norræna húsinu. Flytjendur voru bandaríska söngkonan Nancy Deering og Árni Kristjánsson píanóleikari. Önnur bandaríska söngkona, Janis Taylor, flutti verkið ásamt píanóleikaranum Dalton Baldwin á tónleikum Tónlistarfélagssins í maí 1985. Fjórum árum síðar söng Michael J. Clarke tvö lög úr flokknum með Kammersveit Akureyrar á Kirkjulistavíku í Akureyrarkirkju, en það var ekki fyrr en á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Listahátíð í júní 1992 að Íslendingar fengu að heyra flokkinn allan í útsetningu fyrir hljómsveit og söngrödd. Þar var enn bandarísk söngkona á ferð, dývan Grace Bumbry.



RICHARD STRAUSS

SERENADA FYRIR BLÁSARA Í ES-DÚR, OP. 7

Richard Strauss (1864–1949) fæddist og ólst upp í München í notalegu borgaraumhverfi. Ekki hafði þó verið mulið undir föður hans, Franz, sem komst áfram á tónlistarhæfileikum sínum. Hann var afburða hornleikari og Richard litli ólst upp með hljóm þessa tignarlega en vandmeðfarna hljóðfæris í eyrunum. Faðirinn mótaði líka tónlistarsmekk sonarins framan af — Franz hélt upp á meistara klassíska tímabilsins, Haydn, Mozart og Beethoven, en fussaði yfir tónlist Richards Wagner. Hann fékk syni sínum kennara, fyrst í píanóleik, síðan einnig í fiðluleik, hljómfræði og kontrapunkti. Strauss tók barnungur að semja tónlist og var ekki nema sextán ára þegar tónsmíðar eftir hann voru fyrst fluttar opinberlega. Þær báru keim af tónlistaruppeldi föðursins og sóttu meira til klassíkurinnar en þeirrar tónlistar sem nýrri var af nálinni.

Serenaðan fyrir blásara er slíkt æskuverk, samin þegar Strauss var á lokaári í menntaskóla. Verkið tileinkaði hann tónsmíðakennara sínum, Friedrich Wilhelm Meyer. Það er ekki laust við að andi Mozarts svífi hér yfir vötnum, en réttir öld áður en menntskælingurinn Strauss setti saman serenöðuna samdi Mozart fræga kvöldlokku sem gengur undir nafninu Gran partita. Hún er fyrir tólf blásara og þrettánda manninn, kontrabassaleikara. Strauss skrifar einnig fyrir þrettán hljóðfæri, allt blásturshljóðfæri, en gerir jafnframt ráð fyrir kontrabassa — í tveimur síðustu tóktunum. Það þykir heldur lítið til þess að það borgi sig að kveðja bassaleikara á svið og þessu hógværa hlutverki bassans er því jafnan sleppt í flutningi. Serenada Strauss er í hefðbundnu sönötuformi. Það er óbó sem kynnir fyrsta stefið og klarínnett það næsta; úrvinnslan er fremur stutt en síðan hefja hornin ítrekunina á upphafsstefinu.

Serenaðan var frumflutt í Dresden árið 1882 af blásurinum í Dresdner Tonkünstler-Verein. Verkið vakti athygli hljóm sveitarstjórans Hans von Bülow á tónskáldinu unga og hann bauð Strauss í kjölfarið að verða aðstoðarmaður sinn við hirðleikhúsið í Meiningen, sem státaði af einni bestu hljóm sveit álfunnar. Þangað fór Strauss haustið 1885 og fékk þar sannkallaða óskabyrjun á gifturíkum ferli sem hljóm sveitarstjóri.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Blásarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fluttu Serenöðu Strauss í fyrsta sinn í Bústaðakirkju í september 1976 á lokatónleikum námskeiðs norska básúnuleikarans Pers Brevig. Sams konar námskeið fyrir blásara var haldið í september 1990, undir forystu breska hornleikarans Anthony Hallstead, og þá var serenadaðan aftur á dagskrá. Kammersveit Akureyrar lék serenöðuna nyrðra í febrúar 1988 og í september sama ár var hún leikin á kynningartónleikum SÍ í Háskólabíói. Hún hljómaði síðast í meðföllum SÍ á hádegistónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur 9. apríl 2010.



RICHARD STRAUSS

DAUÐI OG UPPLJÓMUN, OP. 24

Enda þótt tónaljóðið *Dauði og uppljómun* (Tod und Verklärung) sé samið einungis átta árum á eftir Serenöðunni op. 7 kveður hér við allt annan tón. Þegar Strauss kom til Meiningen komst hann í kynni við tónskáldið Alexander Ritter sem lék á fiðlu í hljómsveitinni þar. Ritter hafði mikil áhrif á hinn unga Strauss, opnaði fyrir honum verk Liszts og Wagners og kynnti hann fyrir hugmyndum heimspekingsins Arthurs Schopenhauer um að listir, ekki síst tónlistin, gætu opnað manneskjunnar sýn í kjarna hlutanna, sýn sem væri óháð viljanum er annars stýrði allri viðleitni lifandi vera.

Strauss fetaði nú í fótspor Hectoris Berlioz og annarra forsprakka svokallaðrar prógrammtónlistar sem leituðu leiða til þess að endurnýja hið sinfóníska form. Á árunum 1885 til 1898 samdi hann röð tónaljóða sem spegla til að mynda reynslu af náttúru og landslagi (*Aus Italien*) eða takast á við bókmenntaverk eða -persónur (*Macbeth, Don Juan, Also sprach Zarathustra* o.fl.). Í *Dauða og uppljómun*, sem er hið fimmta af þessum verkum, samið árið 1889, túlkar Strauss dauðastríð listamanns. Að baki verksins er „prógramm“ sem ber keim af hugmyndum Schopenhauers og Strauss lýsti á þessa leið:

„Tónaljóðið tjáir síðustu stundir í lífi manneskju sem stefndi að æðsta marki, sem sagt listamanns. Hinn dauðvona mókir á dánarbedi, andar þungt og óreglulega; ljúfir draumar kalla fram bros á þjáðri ásjónu hans; svefninn verður hægari; hann vaknar á ný, hræðilegar kvalir sækja aftur á hann, sóthhitinn skekur hann — þegar flogunum slotar og verkirnir réna hugsar hann um ævi sína: bernskan líður fyrir hugskotssjónum hans, æskan með öllum sínum áformum og ástríðum og — þegar kvalirnar aukast á ný sér hann það sem hefur lýst honum leið: það er hugsjónin, ídealið sem hann hefur reynt að fanga í list sinni en án árangurs því slíkt er ofviða dauðlegum manni; dauðinn fer að honum, sálin yfirgefur líkamann og finnur í eilífð alheimsins þá sælu fullkomnun sem ókleift var að ná niðri hér.“

Strauss taldi engan veginn nauðsynlegt að áheyrendur kynntu sér „prógrammið“ til þess að geta notið tónlistarinnar. Í hans augum var það eins konar ramma til þess að halda utan um tónhugmyndirnar sem fyrst og fremst tjáðu hans eigin tilfinningar, en honum fannst ómaksins verk að koma „prógramminu“ í orð ef það mætti hjálpa áheyrendum við að átta sig á verkinu.

Svanhildur Óskarsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék *Dauða og uppljómun* í fyrsta sinn á tónleikum í Háskólabíói 18. nóvember 1971 undir stjórn austurrísk-bandaríska hljómsveitarstjórans George Cleve. Verkið var svo aftur á dagskrá sveitarinnar í desember 1995 þegar Petri Sakari hélt um tónsprotann. Paul Zukofsky æfði verkið með ungum hljóðfærleikurum sem fluttu það á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar æskunnar 20. ágúst 1983, einnig í Háskólabíói.

Les nuits d'été

1. Villanelle

Quand viendra la saison nouvelle,
Quand auront disparu les froids,
Tous les deux nous irons, ma belle,
Pour cueillir le muguet aux bois.
Sous nos pieds égrenant les perles
Que l'on voit, au matin trembler,
Nous irons écouter les merles
Siffler.

Le printemps est venu, ma belle;
C'est le mois des amants béni;
Et l'oiseau, satinant son aile,
Dit ses vers au rebord du nid.
Oh! Viens donc sur ce banc de mousse,
Pour parler de nos beaux amours,
Et dis-moi de ta voix si douce:
Toujours!

Loin, bien loin égarant nos courses,
Faisons fuir le lapin caché,
Et le daim, au miroir des sources
Admirant son grand bois penché;
Puis chez nous, tout heureux, tout aises,
En paniers, en lançant nos doigts,
Revenons, rapportant des fraises
Des bois.

2. Le spectre de la rose

Soulève ta paupière close
Qu'effleure un songe virginal!
Je suis le spectre d'une rose
Que tu portais hier au bal.
Tu me pris encore emperlée
Des pleurs d'argent de l'arrosoir,
Et, parmi la fête étoilée,
Tu me promenas tout le soir.

O toi qui de ma mort fus cause,
Sans que tu puisses le chasser,
Toutes les nuits mon spectre rose
A ton chevet viendra danser;
Mais ne crains rien, je ne réclame
Ni messe ni De Profundis.
Ce léger parfum est mon âme,
Et j'arrive du paradis.
Mon destin fut digne d'envie,

Sumarnætur

1. Villanelle

Þegar ný árstíð rennur upp,
Þegar kuldinn er vikinn á braut,
Þá förum við tvö saman, ástin mín,
til að tína dalaliljur í skóginum.
Undir fótum okkar tvístrast perludroparnir
sem sjást titra í morgunsárinu,
við skulum að fara að hlusta á svartþrestina
kvaka.

Vorið er komið, ástin mín,
þetta er mánuðurinn sem elskendur blessa;
og fuglinn, sem er að snyrta vængina,
syngur vísuna sína á hreiðurbarminum.
Ó! Komdu þá út á mosapúfunu,
til að tala um ástina okkar fögru,
og segðu við mig með röddinni þinni ljúfu:
Að eilífu!

Förum langt í burtu á óþekktar villislóðir,
rekum á flótta kanínuna úr felustað sínum,
og dádýrið sem speglar sig í lindinni
og dáist að stórum slútandi hornum sínum;
síðan förum við, alsæl, í makindum,
heim á leið, með fingur okkar fléttaða saman
í körfu, til að bera með okkur jarðarber
úr skóginum.

2. Vofa rósarinnar

Opnaðu luktunni augun þín,
sem meyjardraumur strýkur ljúft!
Ég er vofa rósarinnar
sem þú barst í gær á dansleiknum.
Þú tókst mig þegar ég var ennþá perluð
af silfurtárum garðkónnunnar,
og í stjörnuhlitrandi veizlunni
barstu mig allt kvöldið.

Ó þú sem varst orsök dauða míns
ert þess ekki megnug að reka burt
rósrauða vofu mína sem kemur
hverja nótt til að dansa við höfðalag þitt;
en óttastu ekki, ég fer hvorki fram á
sálumessu né ákall úr djúpunum.
Þessi mildi ilmur er sál mín,
og ég kem frá Paradís.
Örlög mín eru öfundsverð,

Et pour avoir un sort si beau
Plus d'un aurait donné sa vie;
Car sur ton sein j'ai mon tombeau,
Et sur l'albâtre où je repose
Un poète avec un baiser
Écrivit: Cigît une rose,
Que tous les rois vont jalouser.

3. *Sur les lagunes*

Ma belle amie est morte,
Je pleurerai toujours;
Sous la tombe elle emporte
Mon âme et mes amours.
Dans le ciel, sans m'attendre,
Elle s'en retourna;
L'ange qui l'emmena
Ne voulut pas me prendre.
Que mon sort est amer!
Ah! sans amour s'en aller sur la mer!

La blanche créature
Est couchée au cercueil;
Comme dans la nature
Tout me paraît en deuil!
La colombe oubliée
Pleure et songe à l'absent;
Mon âme pleure et sent
Qu'elle est dépareillée.
Que mon sort est amer!
Ah! sans amour s'en aller sur la mer!

Sur moi la nuit immense
S'étend comme un linceul,
Je chante ma romance
Que le ciel entend seul.
Ah! comme elle était belle,
Et comme je l'aimais!
Je n'aimerai jamais
Une femme autant qu'elle.
Que mon sort est amer!
Ah! sans amour s'en aller sur la mer!

4. *Absence*

Reviens, reviens, ma bien-aimée,
Comme une fleur loin du soleil,
La fleur de ma vie est fermée,
Loin de ton sourire vermeil.

og fleiri en einn mundu láta líf sitt
til að öðlast jafnfagurt hlutskipti;
því að gröf mín er á barmi þínum,
og á alabastríð þar sem ég hvíli
hefur skáld skrifað
með kossi: „Hér hvílir rós,
sem allir konungar geta öfundað.“

3. *Úti á lónunum*

Ástin mín fagra er dáin,
ég mun gráta hana að eilífu;
hún tók með sér í gröfina
sál mína og ást mína.
Hún er farin aftur til himna
án þess að biðja eftir mér;
engillinn sem tók hana burt
vildi ekki taka mig.
Hve bitur eru örlög mín!
Æ! að halda ástlaus út á hafíð!

Veran mjallahvíta
liggur nú í kistunni;
mér finnst eins og öll náttúran
beri sorg í sinni!
Dúfan yfirgefna grætur,
hana dreymir makann sem er horfinn;
sál mín grætur og finnur
að hún er orðin einsömul.
Hve bitur eru örlög mín!
Æ! að halda ástlaus út á hafíð!

Yfir mér breiðist ómælanleg
nóttin eins og líkklæði,
ég syng söng minn
sem himinninn einn heyrir.
Æ! hve fögur hún var,
og hve heitt ég elskaði hana!
Aldrei mun ég elska
nokkra konu eins og hana.
Hve bitur eru örlög mín!
Æ! að halda ástlaus út á hafíð!

4. *Í fjarlægð*

Komdu, komdu, ástin mín,
eins og blóm án sólarljóss
hefur blóm lífs míns lokast,
langt í burtu frá rósrauðu brosi þínu.

Entre nos coeurs quelle distance;
Tant d'espace entre nos baisers!
Ô sort amer! Ô dure absence!
Ô grands désirs inapaisés!

D'ici là-bas que de campagnes,
Que de villes et de hameaux,
Que de vallons et de montagnes,
A lasser le pied des chevaux!

5. *Au cimetière*

Connaissez-vous la blanche tombe,
Où flotte avec un son plaintif
L'ombre d'un if?
Sur l'if une pâle colombe,
Triste et seule au soleil couchant,
Chante son chant:

Un air maladivement tendre,
À la fois charmant et fatal,
Qui vous fait mal
Et qu'on voudrait toujours entendre;
Un air comme en soupire aux cieus
L'ange amoureux.

On dirait que l'âme éveillée
Pleure sous terre à l'unisson
De la chanson,
Et du malheur d'être oublié
Se plaint dans un roucoulement
Bien doucement.

Sur les ailes de la musique
On sent lentement revenir
Un souvenir.
Une ombre, une forme angélique,
Passe dans un rayon tremblant,
En voile blanc.

Les belles-de-nuit demicloses
Jettent leur parfum faible et doux
Autour de vous,
Et le fantôme aux molles poses
Murmure en vous tendant les bras:
Tu reviendras!

Hvílík fjarlægð er milli hjartna okkar;
hvílík óravídd milli kossa okkar!
Ó beizku örlög! Ó grimmi aðskilnaður!
Ó mikla, ófullnægða þrá!

Héðan og til þín, hvílíkar víðáttur,
hvílíkur fjöldi borga og þorpa,
hvílíkur fjöldi dala og fjalla
sem þreyta fætur hestanna!

5. *Í kirkjugarði*

Þekkir þú gröfina hvítu,
þar sem skuggi ýviðarins blaktir
með raunalegu hljóði?
Á ýviðnum situr bleik dúfa
döpur og einmana við sólsetur
og syngur söng sinn.

Óhugnanlega ljúfan söng,
töfrandi og banvænán í sömu andrá,
sem sárir þig
og sem þú vilt hlusta á að eilífu;
söng eins og andvarp berist af himnum
frá ástföngnum engli.

Það er sem sálin hafi vaknað
og gráti undir sverðinum sömu rödd
og söngurinn
og að fyrir þá ógæfu að hafa gleymzt
barmi hún sér í dúfukurrinu
ofurhljótt.

Á vængjum tónlistarinnar
læðist endurminning til baka
ofurhægt.
Skuggi, í engilsmynd,
líður hjá í skjálfandi geisla
sveipaður hvítu.

Hálflokuð undrablómin
stafa frá sér daufum og ljúfum ilmi
umhverfis þig,
og svipurinn bendir máttleysilega,
teygir til þín armana og muldrar:
Þú kemur aftur til baka!

Oh! jamais plus près de la tombe,
Je n'irai, quand descend le soir
 Au manteau noir,
Écouter la pâle colombe
Chanter sur la pointe de l'if
 Son chant plaintif.

6. *L'île inconnue*

Dites, la jeune belle,
Où voulez-vous aller?
La voile enfle son aile,
La brise va souffler.

L'aviron est d'ivoire,
Le pavillon de moire,
Le gouvernail d'or fin;
J'ai pour lest une orange,
Pour voile une aile d'ange,
Pour mousse un séraphin.

Dites, la jeune belle,
Où voulez-vous aller?
La voile enfle son aile,
La brise va souffler.

Est-ce dans la Baltique?
Dans la mer Pacifique,
Dans l'île de Java?
Ou bien est-ce en Norvège,
Cueillir la fleur de neige,
Ou la fleur d'Angsoka?

Dites, la jeune belle,
Où voulez-vous aller?
La voile enfle son aile,
La brise va souffler.

Menez-moi, dit la belle,
À la rive fidèle
Où l'on aime toujours!
Cette rive, ma chère,
On ne la connaît guère
Au pays des amours.

Théophile Gautier

Æ, aldrei skal ég aftur nálgast
gröfina þegar kvöldið kemur
 á svartri skikkju
og hlusta á bleika dúfuna
syngja á grein ýviðarins
 kveinstafi sína.

6. *Eyjan óþekkt*

Segðu mér, unga þokkagyðja,
hvert viltu fara?
Seglið breiðir út væng sinn,
og golan kemur þjótandi.

Stýrisárin er úr flíabeini,
skipsfáninn úr gljásilki,
stýrið úr skíragulli;
fyrir kjölfestu hef ég glóaldin,
engilsvæng fyrir segl
og seraf-engil sem léttadreng.

Segðu mér, unga þokkagyðja,
hvert viltu fara?
Seglið breiðir út væng sinn,
og golan kemur þjótandi.

Liggur leiðin út á Eystrasalt?
Út á Kyrrahaf,
til eyjarinnar Jövu?
Eða er það kannski til Noregs
til að tína snæblóm,
eða blóm engjaklukkunnar?

Segðu mér, unga þokkagyðja,
hvert viltu fara?
Seglið breiðir út væng sinn,
og golan kemur þjótandi.

Fylgdu mér, sagði hin fagra,
að strönd tryggðarinnar,
þar sem ástin er eilíf!
Sú strönd, kæra mín,
er harla lítið þekkt
í landi ástarinnar.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

13. SEPTEMBER 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laura Liu
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Zbigniew Dubik
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Pascal La Rosa
Þórdís Stross

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Wiktor Rudzik
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrud Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Júlia Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Helga Björg Arnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Arvid Larsson
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

FIM 20 ^{SEP} 19:30



PÓRA SYNGUR STRAUSS

Petri Sakari hefur verið einn helsti samstarfsmaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands um langt árabíll. Í nóvember 2018 fagnar Petri sextugsafmæli sínu og um sama leyti eru liðin 30 ár frá því að hann tók við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar, sem sannarlega var gæfuspor. Í tilefni af þessu tvöfalda afmæli stjórnar Sakari efnisskrá helgaða tveimur meisturum hljómsveitartónlistar: Þjotr Tsjajkovskíj og Richard Strauss. Á tónleikunum hljómar fimmta sínfónía Tsjajkovskíjs, tónaljóðið Ugluspegill og Fjórir síðustu söngvar í meðförum Þóru Einarsdóttur.

SUN 23 ^{SEP} 17:00



UNGSVEITIN SPILAR SHOSTAKOVITSJ

Sjaldan hefur eitt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sínfónía Dmítříjs Shostakovítsj var frumflutt í Leníngrád árið 1937, einu harðasta ári ógnarstjórnar Stalíns. Tónlistin er hádramatísk og margir telja sínfóníuna einhverja þá mögnuðustu sem samín var á 20. öld. Einnig hljómar á tónleikunum strengjaverk lettneska tónskáldsins Pétteris Vaskis sem hann tileinkar læriföður sínum, Arvo Pärt. Hljómsveitarstjóri er Daniel Raiskin sem stýrði Ungsveit SÍ haustið 2017 í glæsilegum flutningi hennar á Vorblóti Stravinskíjs.

FOS 28 ^{SEP} 19:30 **LAR** 29 ^{SEP} 17:00



ARI ELDJÁRN OG SINFÓ – UPPISTAND!

ENDURTEKIÐ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ara Eldjárns á þarsíðasta starfsári nutu geysilegra vinsælda. Uppselt var á þrenna tónleika í Eldborg og eftirspurn eftir miðum var slík að ákveðið var að endurtaka tónleikana í september 2018. Á þessum uppistandstónleikum fléttast saman óborganleg kímínigáfa og meistaraverk tónlistarinnar svo að úr verður sannkölluð eðalskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD


Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

**Sala áskrifta- og
Regnbogakorta stendur
yfir í miðasölu Hörpu og
á sinfonia.is.**

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA